



**Hornafirði 2. júlí 2019**

**Sveitarstjóri Djúpavogs**

**Gauti Jóhannsson**

**Efni: Staðan í kjaramálum félagsmanna AFLs Starfsgreinafélags sem starfa hjá Djúpavogshreppi**

AFL starfsgreinafélag vill vekja athygli á þeirri stöðu sem nú ríkir í samningamálum félagsmanna sem vinna hjá sveitarfélögum á félagssvæðinu.

Viðræður hafa staðið yfir við Samband íslenskra sveitarfélaga frá því í febrúar sl. og er búið að halda nokkra fundi. Mikið ber á milli og vísaði SGS deilunni til sáttasemjara þann 28. maí sl.. Síðan þá er búið að halda tvo fundi, ekkert gengið og deilan í hörðum hnút - sérstaklega varðandi lífeyrismál. Næsti fundur hjá ríkissáttasemjara verður ekki fyrr en 21. ágúst nk.

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur að undanfögnu samið við önnur sambönd og félög um frestun viðræðna og friðarskyldu til 15. september nk. Samið hefur verið um innágreiðslu upp á kr. 105.000 miðað við fullt starf. Ríkissáttasemjari hafði milligöngu fyrir SGS hvort slíkt standi okkar félagsmönnum til boða en formaður samninganefndar sveitarfélaganna neitaði því þar sem búið væri að vísa deilunni til Sáttasemjara.

Miðað við þetta er ljóst að okkar félagsmenn verða þeir einu af starfsmönnum sveitarfélagsins sem ekki fá umrædda eingreiðslu. Það er von félagsins að forráðamenn sveitarfélaga sjái hag í því að hafa starfsmenn sína ánægða en mismunun sem þessi er sveitarfélaginu ekki til framdráttar og mun einungis efla barráttuandann í þeirri kjarabaráttu sem fram undan er.

Því fer AFL Starfsgreinafélag fram á það að sveitarfélagið greiði starfsfólki sínu sem starfa eftir samningi AFLs/SGS slíka innágreiðslu þann 1. ágúst nk. að upphæð kr. 105.000 m.v. fullt starf þann 1. júní sl. og hlutfallslega fyrir lægra starfshlutfall.

Stór hluti starfsfólks sveitarfélagsins fellur undir þennan kjarasamning

Bréf þetta fer á öll sveitarfélög á félagssvæði AFLs Starfsgreinafélags

Með von um jákvæð viðbrögð.

F.h. AFLs Starfsgreinafélags

formaður AFLs Starfsgreinafélags